



Fréttabréf

Vesturbæjarskóla

Desember

2. tölublað 2008

Framundan er:

18. desember **Rauður dagur**. Búinn heppnaðist vel

19. desember **Jólaböll**

22. desember - 4. janúar **jólafrí**

5. janúar 2009. **Skóli hefst**

6. janúar 2009 **Þrettándagleði foreldrafélagsins**

Jólaundirbúningur

Aðventan er skemmtilegur og annasamur tími í skólanum. Það er hefð fyrir því að fara í Dómkirkjuna, þar er helgistund og söngur. Með tilkomu mötuneytis hefur skapast sú hefð að nemendum er boðið upp á hátíðarmat, jólahlaðborð. Eftir því sem



nær dregur jólum verður skólinn jólalegri, jólasveina-



Þessi fjölskylda mætir alltaf á jólahlaðborðið

húfur sjást oft og ýmis konar jólaföndur það má segja að í hverri stofu sé lítið verkstæði jólasveina. Jólalögin óma um skólan og alla aðventuna eru eingöngu jólalög á dagskrá morgunsöngs á fimmtudögum.

Síðasta fimmtudag fyrir jól er svo rauður dagur, þá reyna

allir að mæta í einhverju rauðu hvort sem það eru sokkar, trefill eða eitthvað meira. Þennan dag er líka boðið upp á kakó og smákökur í heimastofum sem yljár á dimmum morgni. Jólaskemmtunin er svo loka-hátíðin, Skemmtuninni er skipt í tvo hluta, hver bekkur er með eitt atriði þar sem allir í bekknum taka þátt. Svo er sungið og gengið í kring um jólatré, nemendur fara í heimastofu og eiga notalega stund með kennara sínum.

Björg

Við óskum ykkur gleðilegra jóla

Niðurstöður úr lesskimun	2
Slökkviliðið í heimsókn	2
Fuglamatur	2
Opið hús vinsælt	3
Gestakennari	3
Ferð á Reyki	5
Krikjuferð	5

Búlgarska: **Весела Коледа**

Danska: **Glædelig jul**

Filipínska: **Maligayang Pasko**

Finnska: **Huvää joulua**

Franska: **Joyeux Noël**

Hollenska : **Vrolijk kerstfeest**

Íslenska: **Gleðileg jól**



Letneska: **Priecīgus Ziemassvētkus**

Litáíska: **Linksmų Kalėdų**

Norska: **God Jul**

Pólska: **Wesołych Świąt**

Portúgalska: **Feliz Natal**

Rússneska: **С Рождеством**

Spænska: **Feliz Navidad**

Sænska: **God jul**

Þýska: **Fröhliche Weihnachten**

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk í Vesturbæjarskóla vorið 2008

Á hverju ári eru allir grunnskólar í Reykjavík beðnir um að senda inn niðurstöður 2. heftis lesskimunarprófsins Læsis ásamt viðhorfa spurningum úr 1. hefti. Í Vesturbæjarskóla tóku 33 nemendur af 37 í 2. bekk þátt í könnuninni og svöruðu þeir allir spurningum í prófhluta 2. Meðalárangur nemenda í Vesturbæjarskóla er 39 atriði af 46 mögulegum sem er rúmlega 84% árangur. Niðurstöðurnar sýna að 82% þeirra nemenda sem tóku þátt gátu lesið sér til gagns. Nemendur í Vesturbæjarskóla eru með

marktækt betri árangur en nemendur í Reykjavík í heild. Þetta eru ánægjulegar niðurstöður sem styrkja okkur í þeirri trú að okkar fjölbreyttu aðferðir í lestrarkennslu séu að skila sér í auknum árangri hjá nemendum. Parna spila foreldrar lykilhutverk. Markviss þjálfun í lestir bæði í skólanum og heima er undirstaða þess að nemendur nái góðum árangri. En þess má geta að allt frá árinu 2004 hefur meðalárangur nemenda í Vesturbæjarskóla verið hærri en hjá nemendum í Reykjavík í



Caption describing picture or graphic.

heild. Fyrir utan árið 2005 en þá stóðu okkar nemendur til jafns við meðalárangur í borginni.

Hanna G. Birgisdóttir

Slökkviliðið í heimsókn hjá 3. bekk

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur um árabíl staðið fyrir Eldvarnarátaki meðal landsmann a í aðdraganda jóllanna. Þriðji bekkur fékk heimsókn frá þeim í lok nóvember.



Markmiðið með heimsókninni er að hvetja til varkárni í umgengni við eld og biðja fólk að huga að búnaði sem valdið getur íkveikju. Enn fremur vildu þeir með þessu vekja

athygli á eldvarnarbúnaði sem hverju heimili er nauðsynlegur, svo sem reykskynjörum, eldvarnartepfum og handslökkvitækjum. Eftir skemmtilegan fyrirlestur fengu börnin að fara út og skoða slökkviliðsbílinn og þau ótal tól og tæki sem hann hefur að geyma.

*Hrefna Birna Ævarsdóttir og
Vilborg G. Sigurðardóttir
Kennarar í 3. bekk*



Krakkarnir í 2. bekk hugsa um smáfuglana



Júlíus hengdi fuglamatinn á trjágrein (sést ógreinilega)

Þegar kólnar í veðri er nauðsynlegt að huga að smáfuglunum. 2. Bekkur tók sig til og bjó til fuglamat. Fuglamatinn gerður þau úr eplabítum, ristudu brauði og morgunkornshringjum. Þau þræddu matinn upp á þráð sem þau svo gengu með út í Hólavallagarð og hengdu í trén. Þess má geta að hugmyndin að fuglamatnum kom frá Belgíu en hún kviknaði í skólaheimsókn vegna Comeniusarverkefnisins.

Börnunum fannst þau vera að gera góðverk og lærðu hversu auðvelt það getur verið að gleðja aðra.

*Sunna Guðmundsdóttir og
Brynís Stefánsdóttir
Kennarar í 2. bekk*



Búið að hengja fuglamatinn í tré



Salka og Tinna að undirbúa fuglamatinn.

Opið hús vinsælt

26. nóvember var Opið Hús í Vesturbæjarskóla. Nemendur í 5. til 7. bekk voru velkomin að mæta og var mikið stuð í hópnum. Hér að neðan eru viðtöl sem sýna að Opna Húsið hefur slegið í gegn.

Lára G.

Í hvaða bekk ert þú? 7. bekk

Hvað er skemmtilegast við að hafa Opið Hús?

Leikurinn „Kokkur“

Hvað mætti bæta? Það mætti vera sjoppa til að kaupa nammi.

Ætlar þú að mæta aftur? Já.

Oddur

Í hvaða bekk ert þú? 7. bekk

Hvað er skemmtilegast við að hafa Opið Hús? Leikirnir

Hvað mætti bæta? Það mætti vera sjoppa og fleiri Gítar Hero eða Sing Star eða eitthvað.

Ætlar þú að mæta aftur? Já, örugglega.

Er eitthvað meira sem þú ætlar að koma á framfæri? Nei, ég held það sé komið. Það er

mjög skemmtilegt að hafa Opið Hús.

Úlfur, León & Gestur

Í hvaða bekk eruð þið? 5. bekk

Hvað er skemmtilegast við að hafa Opið Hús? Gítar Hero, að vera í íþróttasalnum og allt eiginlega.

Hvað mætti bæta? Það mætti vera meira skipulagt í íþróttasalnum og að fá nýtt þýtt-hockey spil.

Ætlið þið að mæta aftur? Já, við ætlum að mæta aftur.

Er eitthvað meira sem þið ætlið að segja? Það er skemmtilegt að gera hluti saman, að fá að gera hluti með einhverjum.

Hrafnhildur og Emelía

Í hvaða bekk eruð þið? 6. bekk

Hvað er skemmtilegast við að hafa Opið Hús? Ásadaninn

Hvað mætti bæta? Það ættu ekki allir að vera í einhverjum boltaleikjum í íþróttasalnum.

Ætlið þið að mæta aftur? Já.

Er eitthvað meira sem þið ætlið að bæta við? Þetta er skemmtilegt. Við mælum með að mæta á Opið Hús.

Að loknum ætlum við að þakka öllum krökkum fyrir frábært umgengni. Það væri ekki hægt að halda Opið Hús án ykkar allra þátttöku!

Korinna og Hjörleifur



2. tölublað 2008

Gestakennari frá Ítalíu

Ciao! I am Giovanna, I come from Italy where I am a teacher. My principal subjects of teaching are Italian literature and Italian language but during the free time in Rome, the city where I live, I have a classroom of theatre laboratory for children. In Vesturbæjarskóli I am attending a Comenius programme. It is a European project for young teachers who want to have an experience of teaching abroad.



Giovanna Bombinu gestakennarin okkar

I chose to come to Iceland because I am really interested in this country and in his system of education. I think that I will bring back to my country some ideas and some methodology that in this school are used. I hope that during my assistantship the students and the teachers can take interesting and find it useful to have at their disposal an Italian teacher.

Bless!

Giovanna er frá

Róm á Ítalíu hún

verður hjá okkur

fram í maí á

næsta ári

Ferð á Reyki

Eftir að hafa verið mjög ötul við fjáröflun hélt 7.bekkur í Hrótafjörðinn þann 10. nóvember.

Mikil eftirvænting og spennan lá í loftinu mörgum vikum áður. Rútuferðin var söngur, dönskukennsla og gleði,

Se hvilken morgenstund
og
Próunarleikur

Danska lagið

Manstu fyrir langa löngu?
Við sátum saman í skólastofu.
Ég dáði þig en þú tókst ekki

eftir mér,
ekki frekar en ég væri krækiber.

Náðum einnig smá ensku í
If you're happy and you know it,
clap your hands!



Heit súpa beið eftir
hópnum þegar við komum.

2. tölublað 2008

Heimsókn á Gljúfrastein



Þann 4. desember fóru
7.bekkingar í heimsókn að
Gljúfrasteini sem var heimili
og vinnustaður Nóbelskáldsins
Halldórs Laxness og fjölskyldu
hans um hálftrar aldar skeið.
Nemendum var skipt í tvo

hópa í fræðslunni og
skoðunarferðunum.

Annar hópurinn fékk hatta
hinn bindi.

María, Lilja og krakkarnir í 7. bekk

Kirkjuferð



Bræðurnir Jökull og Sigmundur

1. og 7 bekkur voru samferða í dómkirkjuna þann 10. desember. 7.bekkingar náðu í 1. bekkinga í stofur og sátu nemendur saman í kirkjunni og hlyddu á prestinn, kórinn og falleg tónlistaratriði frá 6. bekk. Heimleiðin gekk frábærlega þar sem stóru krakkarnir leiddu yngri nemendur á göngunni alla leið heim í skólann.



Svanhildur og Róbert



Vigdís Diljá og Magnea báðar í 6. bekk léku fyrir nemendur